

Mýrdalshreppur  
George Frumuselu  
Austurvegi 17  
870 Vík, Mýrdal

Reykjavík 15. desember 2020  
UST202012-018/A.B.  
10.05.00

### **Efni: Umsögn - Skógrækt í landi Steig – Mýrdalshreppur**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Mýrdalshrepps er barst 2. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar vegna skógræktaráforma í landi Steigar í Mýrdalshreppi.

Í erindinu kemur fram fyrirhugað er að hefja skógrækt á 72,5 ha svæði, í landi Seig í Mýrdalshreppi á nokkrum aðskildum spildum.

Að mati Umhverfisstofnunar eiga eftirfarandi þættir erindi í skilmála framkvæmdaleyfis.

#### **Sérstök vernd náttúruverndarlaga**

Umhverfisstofnun bendir á að Oddnýjartjörn fellur undir a. lið 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Auk þess er skilgreint votlendi samkvæmt kortasjá (<https://serstokvernd.ni.is/>) Náttúrufræðistofnunar Íslands rétt norðan við tjörnina, á svæði sem er fyrirhugað undir skógrækt.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufrýrbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það sé metið hver áhrif skógræktarinnar er á votlendið. Umhverfisstofnun leggur áherslu á að fjallað sé um votlendið í tillögunni og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask votlendisins sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á votlendi þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé

til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að veita saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. gr. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal leyfisveitandi, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við.

Þá skal afrit af úttekni leyfi sent stofnuninni, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúruyfyrirbæri sem verða fyrir röskun.

### Ásýnd

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að skógræktin falli sem best á heildarsvipmóti landsins, en í 70. gr laga um náttúruvernd þar sem fjallað er um ræktun segir: „Við túnrækt, skógrækt, uppgræðslu lands, skjólbeltagerð og aðra ræktun skal þess gætt að hún falli sem best að heildarsvipmóti lands og raski ekki náttúru- og menningarminjum. Við gerð áætlana, mat á umhverfisáhrifum og afgreiðslu umsókna vegna leyfisskyldrar ræktunar skal taka afstöðu til þessara atriða.“


### Útlendar plöntutegundir

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 10. gr. reglugerðar nr. 583/2000 um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda er ræktun útlendra plöntutegunda óheimil á svæðum sem njóta sérstakrar verndar eða eins og segir í greininni: „Öll ræktun útlendra tegunda hér á landi er óheimil á friðlýstum svæðum, á landslagsgerðum sem njóta sérstakrar verndar og alls staðar ofan 500 metra hæðar yfir sjó.“ Að mati Umhverfisstofnunar eiga framangreind ákvæði erindi í skilmála framkvæmdaleyfisins.



Axel Benediktsson  
sérfræðingur

Virðingarfyllt



Björn Stefánsson  
sérfræðingur